

Nordic Gender Equality Fund

Hver getur sótt um?

Norrænn jafnréttissjóður beinir sér að breiðum markhópi og tekið er við umsóknum frá margbreytilegum hópi stofnana og samtaka, eins og til dæmis:

- Frjálsum félagasamtökum
- Tengslanetum
- Opinberum stofnunum og annarri opinberri starfsemi (til dæmis sveitarfélögum og deildum eða eininga innan háskóla)
- Aðilum eða samtökum sem ekki eru með rekstur í hagnaðarskyni (non-commercial)
- Fyrirtækum (litlum og meðalstórum)

Hvert verkefni verður að fela í sér beina tengingu við að minnska kosti þrjú norðurlönd, og þá eru Færeyjar, Grænland og Álandseyjar taldar sem sér einingar. Þar að auki eru styrkir veittir til starfsemi sem inniheldur samstarf við nærliggjandi svæði þ.e.a.s. Eistland, Lettland, Litháen og norðvestur Rússland ef að minnsta kosti tvö norðurlönd taka þátt í verkefninu. Aðalumsækjandi skal vera frá einhverju norðurlandanna eða Færeyjum, Grænlandi eða Álandseyjum.

Norrænn jafnréttissjóður styrkir verkefni sem hefst sama ár og úthlutað er úr sjóðnum og lýkur innan tveggja ára frá því að verkefnið hefst. Verkefni sem eru hafin áður en umsóknarferli lýkur er ekki veittur styrkur.

Fyrir hverskonar starfsemi eða verkefni eru styrkirnir ætlaðir?

Eftirfarandi tegundir starfsemi eða verkefna eru styrkt:

- Skipulagning norrænna samkoma eða hittinga
- Úttektir
- Bygging tengslaneta
- Verkefni sem tengjast innra starfi deilda, stofnana eða félagasamtaka
- Þátttaka frjálsra félagasamtaka í norrænum eða alþjóðlegum ráðstefnum/námskeiðum/fundum

Styrkir eru ekki veittir fyrir:

- Starfsemi sem er þegar fjármögnuð að fullu eða að hluta af MR-JÄM eða Norrænu ráðherranefndinni.
- Starfsemi sem skilar inn fjárhagsáætlun í öðrum gjaldmiðli en danskri krónu (DKK)
- Umsóknir sem koma inn eftir að umsóknarfrestur rennur út.
- Starfsemi sem skilar inn ófullnægjandi umsókn (þ.e. ef ekki hefur verið fyllt í alla nauðsynlega hluta eða ef nauðsynleg fylgiskjöl vantar).
- Félög eða stofnanir sem heyra undir stjórnmalaflokka.
- Einstaklinga.
- Starfsemi sem hefur fjárhagslegan ávinning eða efnahagslegan hagnað styrkþega sem markmið.

Hversu mikið er hægt að sækja um?

Upphæð sem sótt er um skal vera á bilinu 50 000 og 500 000 danskar krónur (DKK).

Í umsókn um styrk skulu umsækjendur reikna með eigin fjármögnun eða öðrum styrkjum sem nemur að minnsta kosti 20 prósent af heildarkostnaði verkefnisins. Eigið framlag eða önnur fjármögnun getur verið í formi annarra styrkja, sjálfböðavinnu, þátttökugjalda eða annars óbeins kostnaðar.

Styrkir verða ekki veittir til fjárhaldsendurskoðunar og ferðakostnaðar (með undantekningu hvað varðar ferðakostnað fulltrúa frjálsra félagsamtaka og boðinna fyrirlesara). Fjárhagsstuðningur er ekki veittur vegna óbeins kostnaðar eins og til dæmis launa, niðurgreiðslna eða annars rekstrarkostnaðar (til dæmis vegna leigu, rafmagns eða tölvutækni).

Starfsemi sem hlýtur styrk getur átt von á því að fá lægri heildarupphæð en sótt var um eða að hljóta aðeins styrk fyrir hluta af umsókninni.

Hvernig metum við umsóknirnar?

Í umsókninni skal gert grein fyrir því hversu vel verkefnið mætir kröfunum sem tilgreindar eru hér að neðan:

a. Norrænn hagur

Með norrænum hag er átt við að hvaða marki verkefnið:

- Getur af sér áþreifanleg og jákvæð áhrif sem verður fyrir tilstilli norræns samstarfs í samanburði við þau áhrif sem hefðu náðst ef verkefnið hefði aðeins verið unnið á landsvísu.
- Sýnir fram á og þróar norrænan félagsskap, samkennd og samstöðu innan sem utan svæðisins.
- Stuðlar að nýjum innviðum sem styrkja og bæta norrænt samstarf í jafnréttismálum.
- Mætir á uppbyggjandi hátt áskorunum sem fylgja norrænu samstarfi, eins og til dæmis hindrunum á landsvísu eða mismun milli landanna.

Að þessu leyti fer matið eftir því hversu vel umsóknirnar:

- Færa rök fyrir kostum þess að vinna verkefnið í norrænu samstarfi.
- Gera grein fyrir mati þátttakenda á hvort tveggja ágóða og áskorunum þeim sem þau telja að felist í samstarfi sem nær yfir landamærin.

b. Jafnréttispolitískur ágóði

Með jafnréttispolitískum ágóða er átt við að hvaða marki verkefnið:

- Miðar að því að mæta vandamálum tengdum misrétti milli kvenna og karla, stúlkna og drengja. Til dæmis með því að ávarpa aðstæður sem skilyrða möguleika þeirra og mátt til að til að haga lífi sínu þannig að það sé þeim sjálfum til framdráttar og til hagsbóta fyrir samfélagið í heild.

- Stuðlar að nýjungum eða breytingum og/eða deilingu á reynslu, þekkingu, aðferðum eða líkönnum er varða kynjamisrétti/jafnrétti.
- Stuðlar að því að ávarpa og mæta þeim áskorunum sem koma í ljós í norrænu samstarfi um jafnréttismál.

Að þessu leyti miðar mat umsókna við hversu vel þær:

- Greina og lýsa vandamálum sem tengjast því kynjamisrétti sem samstarfsaðilar hafa borið kennsl á og verkefninu er ætlað að ávarpa og mæta.
- Útlista þann skilning sem samstarfsaðilar hafa á viðkomandi vandamálum útfrá fræðilegri þekkingu og/eða reynslu.
- Bera vitni um þekkingu á vinnu sem þegar hefur verið unnin á sviðinu, þar með talið á þekkingu og rannsóknum tengdum vandamálinu sem verkefninu er ætlað að ávarpa og mæta. Í ljósi þess skal skýrt hvernig verkefnið mun stuðla að breytingum á eða viðbót við þá þekkingu sem þegar er til staðar.

c. Þátttaka/frumkvæði ungs fólks og sjónarhorn þeirra í jafnréttismálum

Norræni jafnréttissjóðurinn 2020 setur í forgang verkefni sem stuðla að þátttöku/frumkvæði ungs fólks og sjónarhorn þeirra í jafnréttismálum. Verkefni með þessu þema verða í sett í forgang í matsferlinu en það er engu að síður heildarmat allra umsókna sem ræður því hvaða verkefni verða fjármögnuð.

Aðild barna og ungmenna í verkefnum skal vera í samræmi við þau viðmið sem Norræna ráðherranefndin hefur sett sér varðandi þátttöku barna og ungmenna í starfsemi sinni og þá leiðsögn sem hún hefur sett fram í því sambandi – nánari upplýsingar er að finna um þetta í sér skjali.

Með þátttöku/frumkvæði ungs fólks og sjónarmiðum þeirra í jafnréttismálum er átt við að hvaða leyti verkefnið:

- Inniheldur/tekur mið af sjónarmiðum ungs fólks í jafnréttismálum
- Felur í sér þátttöku fólks á aldrinum 13-30 ára í öllum hlutum verkefnisins, þ.e. frá hugmyndavinnu til lokamats, í eins miklu magni og mögulegt er.

Mat á umsóknum miðast við að hvaða leyti þær:

- Lýsa því hvernig tekið er mið af sjónarhorni ungs fólks og það innlimað í verkefnið og þróun þess.
- Lýsa aðkomu ungs fólks að öllum hlutum verkefnisins. Mat verður lagt á þátttöku ungs fólks í verkefnunum og þátt þeirra í ákvörðunarferlum sem verkefni/tengslanetin fela í sér og hvernig verkefni/tengslanetin eru grundvölluð meðal barna og ungmenna.

d. Sjálfbærni/langtímasjónarmið

Með sjálfbærni er átt við í hvaða mæli:

- Þróun og framkvæmd verkefnisins opnar möguleika annarra á að tileinka sér niðurstöður þess og draga lærdóm af hvort tveggja árangri sem náðst hefur og erfiðleikum við vinnslu verkefnisins.
- Vænst er þess að niðurstöður og framlög hafi varanleg áhrif, meðal annars með því að innviðir og afurðir verkefnisins eins og til dæmis tengslanet, vefsvæði, skýrslur og fleira séu gerð varanleg og verði aðgengileg viðeigandi markhópum.

Að þessu leyti miðast mat umsókna við það hversu vel þær:

- Skýra hvernig og til hvaða markhópa samstarfsaðilar ætla sér að miðla upplýsingum um verkefnið og niðurstöður þess. Sömuleiðis hvernig áætlað er að halda þessum upplýsingum til haga þannig að þær séu aðgengilegar viðeigandi markhópum eftir að verkefninu lýkur.

e. Framkvæmd

Með framkvæmd er átt við:

- Í ljósi hæfni og reynslu umsækjenda, hversu líklegt er að verkefnið verði framkvæmt með þeim hætti sem umsækjendur hafa tilgreint í umsókninni?
- Hvaða forsendur hafa umsækjendur og samstarfsaðilar til að geta unnið saman? Tilgreinið að hvaða leyti samstarfsaðilar að umsókninni leggja af mörkum mismunandi hæfni, sjónarmið og reynslu og hvernig þau vega upp á móti hvort öðru og mynda góða heild.

Að þessu leyti miðar mat umsókna við það hversu vel þær:

- Skýra hvernig samstarfsaðilar ætla að fara að því að mæta þeim vandamálum sem hafa verið greind. Gera skal grein fyrir og rökfæra val á aðferðfræði og verklagi með tilliti til þeirra niðurstaðna sem verkefninu er ætlað að ná og þeim lærdómi sem hægt er að draga í kjölfarið.
- Skýra hvað aðalumsækjandi og samstarfsaðilar leggja af mörkum til verkefnisins og tilgreina reynslu af svipuðu samstarfi ef hún er til staðar.

f. Trúverðugleiki fjárhagsáætlunar

Í umsókninni skal gert ráð fyrir eigin framlagi eða öðrum fjárveitingum sem nemur að minnsta kosti 20% af heildarkostnaði verkefnisins. Eigið framlag eða aðrar fjárveitingar geta verið í formi styrkja, sjálfboðavinnu, þátttökugjalds eða óbeinna kostnaða.

Upphæð sem sótt er um skal vera á bilinu 50 000 og 500 000 danskar krónur (DKK).

Fjárhagsáætlun skal fylgja umsókn sem viðhengi og allir kostnaðarliðir og heildarupphæð skulu vera gefin upp í dönskum krónum. Eigið framlag og heildarkostnaður verða að vera skýr í fjárhagsáætlun. Í fjárhagsáætlun skal nákvæmlega lýst hvað hver kostnaðaliður dekkar. Styrkir eru ekki veittir til að dekkja kostnað við endurskoðun eða ferðalög (með undantekningu hvað varðar ferðakostnað fulltrúa frjálsra félagasamtaka eða boðinna fyrirlesara).

Styrkur er ekki veittur vegna óbeinna kostnaðarliða svo sem launa eða niðurgreiðslna hverskonar og annars rekstrarkostnaðar (til dæmis vegna leigu, rafmagns eða tölvutækni).

Hvernig gengur umsóknarferlið fyrir sig?

Allar umsóknir eru metnar af matshópi NIKK, sem samanstendur af fólki með fjölbreytta hæfni og bakgrunn. Matshópurinn metur umsóknir útfrá ofangreindum skilyrðum og tekur þannig ákvörðun um styrkveitingu. Embættismannanefnd Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál hefur síðan neitunarvald. Ekki er hægt að kæra niðurstöðuna. Ef þörf krefur mun matshópurinn biðja umsækjendur um viðbótarskýringar meðan á matsferlinu stendur.

Upplýsingar um ákvörðun sjóðsins varðandi styrkveitingu

NIKK miðlar ákvörðun sjóðsins um styrkveitingu til umsækjenda í tölvupósti í maí eftir að ákvörðun hefur verið tekin og embættismannanefnd Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnréttismál hefur verið gefinn kostur á að beita neitunarvaldi sínu.

Fyrir þig sem hlýtur styrk

Greiðslur

Starfsemi sem hlýtur styrk skal gera samning við NIKK sem fylgir ákveðnu ferli. Eftir að samningur hefur verið undirritaður er styrkurinn greiddur út til styrkþega. Styrkþegi getur reiknað með því að útborgun eigi sér stað í fyrsta lagi einum mánuði eftir að beiðni um greiðslu hefur verið send.

Miðað er við að 85 prósent af heildarupphæð veitts styrks greiðist út eftir undirritun samnings við upphaf verkefnisins og þau 15 prósent sem eftir eru greiðast út eftir að lokaskýrslan hefur verið samþykkt.

Aðalábyrgðaraðili verkefnisins (höfuðumsækjandi) ber ábyrgð á því að skila lokaskýrslu (sjálfsmati) og fjárhagsuppgjöri í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að verkefninu lýkur. Ónýttur hluti styrks skal endurgreiddur til NIKK.

Samstarf og miðlun

NIKK óskar eftir nánu samstarfi við styrkþega. Við viljum eiga í samræðu við samstarfsaðila meðan á verkefninu stendur og fá þannig innsýn í ferlið. Meðal annars viljum við fá aðgang að efni og niðurstöðum sem verða til við framvindu verkefnisins til þess að geta síðan miðlað mikilvægri þekkingu áfram til norrænna samstarfsaðila og annarra viðeigandi aðila. Ef möguleiki er fyrir hendi, viljum við gjarnan fá að taka þátt í eða vera viðstödd upptökur eða atburði sem eru skipulagðir í tengslum við verkefnið.

NIKK vinnur markvisst að því að miðla tengslum milli styrkþega og annarra mögulegra samstarfsaðila sem tengjast málaflokknum um jafnrétti á norðurlöndum og geta nýst verkefninu og markmiðum þess.

Á heimasíðunni nikk.no er hægt að nálgast gagnagrunn með lýsingu á öllum verkefnum sem hafa hlotið styrk. Styrkþegar bera sjálfir ábyrgð á því að senda inn rétta lýsingu á verkefni sínu.

Samskipti ykkar við NIKK varðandi verkefnið fer fram í gegnum tölvupóst á netfangið nikk@genus.gu.se

Almannatengsl og miðlun

Tilgreinið að Norræna ráðherranefndin sé styrktaraðili verkefnisins þegar þið miðlið upplýsingum um verkefnið. Notið myndmerki Norrænu ráðherranefndarinnar þegar möguleiki gefst, til dæmis á boðskort og annað efni sem ætlað er til dreifingar, hvort sem það er á stafrænu formi eða prentað efni. Myndmerkinu er hægt að hlaða niður hér.

Notið myllumerkið #NordicEquality þegar þið dreifið upplýsingum um verkefnið á samfélagsmiðlum.

Lokaskýrsla

Þegar verkefninu er lokið skal skila inn lokaskýrslu til NIKK. Aðalumsækjandi verkefnisins ber ábyrgð á því að senda lokaskýrslu (sjálfsmat) og fjárhagsyfirlit til NIKK ekki seinna en tveimur mánuðum eftir verkefnislok. Greiða skal ónýttan fjárstyrk aftur til NIKK.

Lokaskýrslan skal meðal annars tilgreina:

- Hvernig þjónar verkefnið norrænum hag og samstarfi?
- Hvaða jafnréttisþólitíska ágóða hefur verkefnið stuðlað að?
- Hverju hefur verkefnið stuðlað að (til dæmis varanlegar afurðir, þekking, verkferlar og rúttínur)?
- Hvernig hefur hefur upplýsingum um starfsemina/verkefnið verið dreift (til hversu margra einstaklinga/landa hefur upplýsingum verið miðlað, til hvaða markhópa og eftir hvaða farvegum)?
- Hvernig mun upplýsingum um samstarfið og niðurstöðum verkefnisins verða miðlað í framhaldinu og hvernig munu þær upplýsingar nýtast styrkþegum (stofnunum eða samtökum sem stóðu að verkefninu) í framtíðinni?
- Hverjir eru mikilvægustu lærdómarnir sem hægt er að draga af vinnu verkefnisins?